

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015, fjallvegur og frístundabyggð við Heiðarvatn.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. september 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 frá 20. desember 2005.

Breytingin felst í því að vegslóði norðan Kerlingarfjalla frá Ásgarði/Árskarði austur að Þjórsá er skilgreindur sem fjallvegur og bætt er við 3 ha svæði fyrir frístundabyggð við Heiðará, þar sem gert er ráð fyrir veiðihúsi og gistiskála.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Hrunamannahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 26. september 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. október 2006